

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Ellert Kári Samúelsson og er fulltrúi Tónlistarskólans í Ungmennaráði Akraness.

Á ný afstöðnu barnaþingi kölluðu grunnskólanemendur mikið eftir því að fá meira og fjölbreyttara samstarf á milli grunnskólanna. Þeir vilja meiri blöndun sem og fjölbreyttara úrval valgreina. Sú blöndun á milli skólanna sem er í gangi eins og staðan er í dag, eftir því sem ég best veit, er að 8. - 10. bekkur halda saman böll og auðvitað blandast unglíngarnir í starfi Arnardals en þetta er allt utan skólatíma. Það hefur aukist að utanaðkomandi fræðsla á skólatíma hefur verið sameiginleg fyrir skólana, t.d. nú í vetur, „Góðan daginn, faggi“ og „Fokk you, fokk me“, sem er mjög jákvætt og verður vonandi framhald á.

Í tónlistarvali hafa nemendur beggja skóla blandast og unnið í blönduðum hópum, bæði þvert á árganga og skóla og afraksturinn settur fram á sameiginlegum tónleikum. Þessi blöndun hefur þó minnkað undanfarin ár og nemendur verið í aðskyldum hljómsveitum eftir skólum. Samkvæmt tónlistarkennara sem ég ræddi við var mun skemmtilegra þegar nemendur blönduðust meira í tónlistinni en það sem gerði það erfitt var að skólarnir tveir voru á sitthvorum tímanum í þessum tímum. Þannig það er klárlega eitthvað sem þarf að hugsa út í. Sjálfur var ég í tónlistarvali í 9. bekk og hefði gjarnan viljað kynnast fleiri tónlistarkrökkum úr hinum skólanum. Einnig hafa einstaka árgangar verið í samstarfi á milli skólanna og farið í heimsóknir en það er ekki eitthvað sem hefur náð að festast í sessi.

Hægt er að gera mun betur í þessum málum. Ef það gengur að blanda í tónlistarvali hlýtur að vera hægt að gera það einnig í fleiri greinum. T.d. í einhvers konar listavali sem gæti svo endað með sameiginlegri listasýningu, t.d. myndlistarsýningu, dansýningu eða leiksýningu. Ég sé líka fyrir mér ef boðið er upp á íþróttaval þá gæti það verið blandað á milli skólanna og endað með sameiginlegum íþróttaviðburði.

Starfsmenn úr sitthvorum skólunum gætu verið skipaðir tengiliðir sem halda utan um samstarfið og þær leiðir sem eru framkvæmanlegar og séu þannig einskonar brú á milli.

En auðvitað er þetta allt háð því að það sé samstarfsvilji, fólki sé skapaður samstarfsvettvangur og farið sé inn í verkefnin með opnum hug og lausnamiðaðri hugsun.

Fleiri verkefni sem hægt væri að blanda og auka samstarf skólanna væru t.d. að festa í sessi samstarf á milli árganga sem gæti bæði verið nokkuð frjálst með heimsóknnum á milli en einnig gætu ýmis verkefni komið þar inn í sem verið er að vinna á báðum stöðum. Ég hugsá að þetta myndi bæði vera gott fyrir nemendur sem myndu þá kynnast betur og einnig fyrir kennara að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera. Hluti af þessari vinnu gæti t.d. líka verið kennaraskipti á milli skóla.

Önnur verkefni sem væru tilvalin til að vinna í samstarfi væru svo sem verkefni tengd eineltisumræðu og einhver sameiginlegur viðburður tengdur degi gegn einelti. Einnig ýmis verkefni tengd umhverfismennt sem gætu snúist um að fegra bæinn okkar, t.d. ruslatínsla og fleira. Húllumhæ dagar hafa verið haldnir í báðum skólum og væru tilvaldir til að mynda samstarf á milli skólanna, blanda í lið þvert á árganga og skóla og rugla kennurunum á milli. Jafnvel einhver leikur eða keppni þar sem kennarar úr báðum skólum eru á móti blönduðu liði nemenda. Það er nemendaráð í báðum skólum og hefur verið samstarf, eins og áður hefur komið fram, um að skipuleggja sameiginleg böll fyrir skólana og Heiðarskóli hefur einnig verið með í því. Þetta samstarf er eitthvað sem ég sé fyrir mér að mætti aukast og fjölga sameiginlegum viðburðum öðrum en böllum.

Ég tel að ef nemendur upplifa að þeir hafi val og beri sjálfir ábyrgð á eigin námi að árangurinn verði betri og námið skemmtilegra. Ef ég tala af eigin reynslu þá fannst mér verkefnin í 10.bekk í Grundaskóla sett þannig upp að þau stuðluðu að meiri blöndun í árgangnum, .t.d.

Draumalandið, kosningaverkefni og sér í lagi stórt leikrit sem allur árgangurinn tók þátt í. Öll þessi verkefni sameinuðu árganginn minn, efldu samskiptin og nemendur höfðu mikið val um

útfærsluna. Bækurnar voru lagðar til hliðar, við þurftum að taka sameiginlegar ákvarðanir, finna málamiðlanir, tala og vinna saman. Þetta var mjög skemmtilegt og þroskandi, sérstaklega því við gátum valið hvernig við vildum gera þetta. Þetta eru allt verkefni sem væri möguleika að vinna í samstarfi á milli skólanna. Þá komum við að þeirri niðurstöðu að betra væri fyrir krakka að útskrifast úr grunnskóla með stærra tengslanet af vinum og kunningjum.

Að lokum vil ég þakka fyrir áheyrnina með von um að samstarf skólanna og þá sérstaklega að valgreinakennslan eflist enn frekar því saman erum við sterkari.